

Mál nr. 101/2015
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla þ. 24.2.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V-1 dags. 30.3.2015.
3. Bréf V-2 dags. 25.3.2015. ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla. Bifreiðunum A og B var ekið eftir bifreiðastæðinu gegnt hvor annarri. A var ekið norður eftir bifreiðastæðinu og beygt til austurs en B var ekið vestur eftir bifreiðastæðinu með fyrirhugaða akstursstefnu til suðurs. Árekstur varð með bifreiðunum í beygju sem var á akstursleiðinni. Ökumaður A segir að þegar hann var kominn í beygjuna hafi hann séð B koma á móti og hafi verið við að stoppa þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja til vinstri en séð bíl koma í beygjunni og bremsað en árekstur hafi samt orðið

Álit.

Ökumaður A hafði bifreiðina B sér á hægri hönd og bar að veita umferð frá hægri forgang sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þess gætti ökumaður A ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 21.4. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.